

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri
Dags. 12. ágúst 2022
Mnr. 2022040099



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Ársfjórðungsuppgjör Q2 2022

Niðurstaða annars ársfjórðungs var send Hagstofu Íslands þann 12. ágúst síðastliðinn. Annar ársfjórðungur sýnir nú rekstrarafgang upp á 41,6 m.kr. fyrir janúar til júní 2022. Fjárhagsáætlun fyrir sama tímabil gerir ráð fyrir rekstrarhalla upp á 31,5 m.kr.

Rekstrartekjur samstæðu eru hærri en áætlun gerði ráð fyrir sem nemur 230 m.kr. og rekstrargjöld eru lægri en áætlun gerði ráð fyrir sem nemur 15 m.kr. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru 172 m.kr. hærri í kostnaði en áætlun gerði ráð fyrir.

REKSTRARREIKNINGUR A og B hluti		JAN - JÚN 2022							
	Uppgjör	Áætlun 2022_MV	[2022U/ 2022Á] %	mism. Kr	Samþykkt áætlun 2022	Ársreikningur 2021	[2022U/ 2021] %	Ársreikningur 2020	
Rekstrartekjur									
- Útsvar	-1.303.108.916	-1.191.066.229	9,4%	-112.042.687	-2.540.812.767	-2.423.161.874	-46,2%	-2.224.804.639	
- Framlög jöfnunarsjóður	-503.937.228	-503.937.228	0,0%	0	-959.642.239	-975.035.092	33,6%	-914.864.568	
- Fasteignaskattar	-524.385.809	-522.755.662	0,3%	-1.630.147	-522.755.662	-457.925.994	184,6%	-438.620.668	
- Sölutekjur	-48.501.905	-46.456.943	4,4%	-2.044.962	-99.877.947	-107.516.766	1112,0%	-101.729.892	
- Þjónustutekjur	-569.278.597	-475.193.734	19,8%	-94.084.863	-905.782.766	-755.845.400	72,4%	-570.957.488	
- Eignatekjur	-125.210.521	-139.333.325	-10,1%	14.122.804	-190.420.943	-260.095.498	401,0%	-213.017.036	
- Aðrar tekjur	-335.101.646	-301.580.894	11,1%	-33.520.752	-622.708.022	-663.765.768	96,3%	-670.473.816	
- Millifærslutekjur	-636.927.721	-635.760.812	0,2%	-1.166.909	-1.367.079.736	-1.224.189.888	6,4%	-1.235.529.843	
Rekstrartekjur alls	-4.046.452.343	-3.816.084.827	6,0%	-230.367.516	-7.209.080.082	-6.867.536.280	-81,0%	-6.369.997.950	
Rekstrargjöld									
- Laun og launatengd gjöld	1.605.460.066	1.646.204.697	-2,5%	-40.744.631	3.274.018.646	2.974.682.876	-143,8%	2.885.984.605	
- Breyting lífeyris- og orl.skuldb.	190.320.123	203.504.878	-6,5%	-13.184.755	194.584.664	515.548.182	-352,8%	211.207.576	
- Vörukaup	70.954.475	78.513.736	-9,6%	-7.559.261	162.520.727	153.529.439	-948,8%	174.940.564	
- Þjónustukaup	567.181.303	530.138.545	7,0%	37.042.758	909.798.077	875.687.597	-248,8%	877.686.803	
- Orkukostnaður	77.108.494	71.968.689	7,1%	5.139.805	139.194.996	136.632.420	-1053,7%	132.938.851	
- Viðhaldskostnaður	94.606.656	104.518.826	-9,5%	-9.912.170	274.470.738	252.198.832	-616,7%	310.832.800	
- Önnur rekstrargjöld	43.673.803	44.450.001	-1,7%	-776.198	93.771.931	91.311.658	-1527,1%	111.417.191	
- Styrkir og annað	274.704.133	251.501.461	9,2%	23.202.672	381.187.116	473.578.821	-375,2%	340.955.221	
- Skattar og gjöld	47.795.620	57.810.322	-17,3%	-10.014.702	94.198.232	89.226.400	-1560,5%	89.934.694	
- Afskriftir	112.596.617	112.888.070	-0,3%	-291.453	225.183.349	228.543.051	-670,2%	231.099.309	
- Millifærslugjöld	643.775.483	641.746.535	0,3%	2.028.948	1.378.890.961	1.238.386.079	-205,2%	1.241.703.235	
Rekstrargjöld alls	3.728.176.773	3.743.245.760	-0,4%	-15.068.987	7.127.819.437	7.029.325.355	-118,5%	6.608.700.849	
Rekstrarniðurstaða án fjárm.liða	-318.275.570	-72.839.067	337,0%	-245.436.503	-81.260.645	161.789.075	-905,4%	238.702.899	
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	296.229.796	123.843.647	139,2%	172.386.149	253.660.645	402.783.813	-423,5%	279.891.766	
Söluhagnaður (tap) eigna	-19.526.052	-19.526.052	0,0%	0	-209.400.000	-168.427.371	673,7%	89.463.657	
Rekstrarniðurstaða	-41.571.826	31.478.528	-232,1%	-73.050.354	-37.000.000	396.145.517	-428,9%	608.058.322	

Rekstrarreikningur A- hluta fyrir tímabilið janúar til júní 2022 sýnir nú rekstrarhalla upp á 14 m.kr. fyrir janúar til júní 2022. Fjárhagsáætlun fyrir sama tímabil gerir ráð fyrir rekstrarhalla upp á 98,5 m.kr.

Rekstrartekjur A-hluta eru hærri en áætlun gerði ráð fyrir sem nemur 180,8 m.kr. og rekstrargjöld eru lægri en áætlun gerði ráð fyrir sem nemur 10 m.kr. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru 106 m.kr. hærri í kostnaði en áætlun gerði ráð fyrir.

REKSTRARREIKNINGUR A hluti

	JAN - JÚN 2022		[2022U/ 2022A] %	mism. Kr	Samþykkt áætlun 2022	Ársreikningur 2021	[2022U/ 2021]%	Ársreikningur 2020
	Uppgjör	Áætlun 2022_MV						
Rekstrartekjur								
- Útsvar	-1.303.108.916	-1.191.066.229	9,4%	-112.042.687	-2.540.812.767	-2.423.161.874	-46,2%	-2.224.804.639
- Framlög jöfnunarsjóður	-503.937.228	-503.937.228	0,0%	0	-959.642.239	-975.035.092	33,6%	-914.864.568
- Fasteignaskattar	-524.385.809	-522.755.662	0,3%	-1.630.147	-522.755.662	-457.925.994	184,6%	-438.620.668
- Sölutekjur	-21.681.079	-24.838.346	-12,7%	3.157.267	-55.270.830	-51.330.476	2438,7%	-51.440.507
- Þjónustutekjur	-261.866.392	-207.165.174	26,4%	-54.701.218	-314.938.960	-314.895.952	313,8%	-245.796.091
- Eignatekjur	-36.467.534	-54.594.209	-33,2%	18.126.675	-20.931.583	-77.233.020	1587,2%	-21.002.961
- Aðrar tekjur	-321.244.185	-288.648.380	11,3%	-32.595.805	-588.538.161	-631.661.190	106,3%	-613.071.217
- Millifærslutekjur	-602.625.637	-601.476.800	0,2%	-1.148.837	-1.298.484.284	-1.155.231.319	12,8%	-1.168.292.977
Rekstrartekjur alls	-3.575.316.780	-3.394.482.028	5,3%	-180.834.752	-6.301.374.486	-6.086.474.917	-78,6%	-5.677.893.628
Rekstrargjöld								
- Laun og launatengd gjöld	1.508.448.475	1.551.707.600	-2,8%	-43.259.125	3.078.648.713	2.802.711.254	-146,5%	2.709.275.792
- Breyting lífeyris- og orl.skuldb.	181.371.198	194.599.254	-6,8%	-13.228.056	192.691.114	512.363.832	-354,3%	204.765.909
- Vörukaup	68.065.696	76.297.708	-10,8%	-8.232.012	157.279.205	148.388.307	-978,2%	170.279.687
- Þjónustukaup	528.571.766	495.699.058	6,6%	32.872.708	851.482.809	811.156.257	-260,6%	799.602.843
- Orkukostnaður	54.504.814	53.443.125	2,0%	1.061.689	101.018.828	98.193.049	-1427,1%	96.882.124
- Viðhaldskostnaður	65.032.024	67.807.338	-4,1%	-2.775.314	183.773.150	141.912.791	-1018,2%	197.922.552
- Önnur rekstrargjöld	35.097.214	35.821.033	-2,0%	-723.819	75.979.701	74.427.515	-1850,8%	84.150.368
- Styrkir og annað	271.509.428	248.028.661	9,5%	23.480.767	377.187.116	470.114.123	-377,2%	335.486.952
- Skattar og gjöld	29.022.869	34.592.271	-16,1%	-5.569.402	56.533.537	52.362.770	-2589%	53.298.084
- Afskriftir	69.414.107	67.645.018	2,6%	1.769.089	135.350.227	144.750.802	-1000,2%	147.124.191
- Millifærslugjöld	588.841.640	584.449.819	0,8%	4.391.821	1.264.000.205	1.141.802.063	-214,1%	1.142.205.411
Rekstrargjöld alls	3.399.879.231	3.410.090.885	-0,3%	-10.211.654	6.473.944.605	6.398.182.763	-120,4%	5.940.993.913
Rekstrarniðurstaða án fjárm.liða	-175.437.549	15.608.857	#####	-191.046.406	172.570.119	311.707.846	-518,1%	263.100.285
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	189.526.309	82.890.878	128,6%	106.635.431	169.996.070	254.165.713	-612,7%	193.401.298
Söluhagnaður (tap) eigna	0	0	#DIV/0!	0	0	2.527.127	-51665%	107.768.537
Rekstrarniðurstaða	14.088.760	98.499.735	-85,7%	-84.410.975	342.566.189	568.400.686	-329,3%	564.270.120

Helstu skýringar þessa frávika frá áætlun eru

- **Barnavernd** – 44 m.kr. fram úr áætlun á fyrstu 6 mánuðum ársins. Áætluð kostnaðaraukning fyrir allt árið er 100 m.kr., og aukning endurgreiðslna sveitarfélaga áætlaðar 47-87 m.kr., nettó áhrif er kostnaður upp á 13-53 m.kr. en fer eftir því hvort sér úrræði verði á ábyrgð þess sveitarfélags sem úrræðin tilheyra eða þeim verði skipt skv. íbúafjölda. Samstarfssamningur við Bolungarvík og Súðavík rann út 1.4.22 og er því enginn samningur í gildi og því ekki hægt að klára viðauka fyrr en það liggur fyrir.
- **Skaðabætur utan trygg.samninga Búseta**, niðurstaða dóms í Landsrétti liggur fyrir og voru skaðabætur að fjárhæð 34 m.kr. greiddar út 10. Mars síðastliðinn. Stjórn Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks samþykkti greiðsluþáttöku allra sveitarfélaga og fást því endurgreidar kr. 16 m.kr. Hluti Ísafjarðarbæjar er því 18 m.kr. Ekki hefur verið gerður viðauki.
- **Verðbóttagjöld** Verðbólga var áætluð 3% á árinu 2022 eða um 0,25% hækkun á mánuði. Raunin er hins vegar að vísitalan er búin að hækka um 7,9% á fyrstu 6 mánuðum ársins og fer hækkandi. Hækkun verðbóta á tímabilinu er því 185 m.kr. af þessum frávikum upp á 172 mkr. Bregðast þarf við með viðauka hið fyrsta og endurmeta verðbólguvæntingar okkar í lok árs og fjárhagsleg áhrif þess. Þjóðhagsspá að sumri var gefin út 27. júní síðastliðinn og er þar gert ráð fyrir að verðbólga verði 7,5% en í mars var hún áætluð 5,9% að meðaltali. Við teljum þó rétt að gera ráð fyrir hærri hækkun eða um 10% en það þýðir aukinn kostnaður upp á 319 m.kr.

Ljóst er að bregðast þarf við með viðauka vegna ofangreindra mála hið fyrsta. Rekstrarniðurstaða áætlunar 2022, sem áætluð var jákvæð upp á 37 m.kr. í samþykktri áætlun, stefnir í töluverðan halla en án niðurskurðar á móti ofangreindum viðaukum mun rekstrarniðurstaða 2022 verða neikvæð um 300-400 m.kr.

Greining á uppgjöri Q2 2022 og áætlun Q2 2022 – Rekstrareikningur

Rekstrartekjur:

- Útsvar:** skatttekjur eru 112 m.kr. hærri en áætlað var sem er 9,4% frávik. Útsvarstekjur tímabilsins voru 1.303 m.kr. samanborið við áætlun upp á 1.191 m.kr. Áætlun ársins gerir ráð fyrir að útsvarstekjur verði 2.441 m.kr. og er hún óbreytt frá samþykktri áætlun. Í samþykktri áætlun var gert ráð fyrir að staðgreiðsluskyldar tekjur myndu hækka um 6,1% en raunin er að á fyrstu 6 mánuðum ársins hafa staðgreiðsluskyldar tekjur aukist um 7,3% sem ætti að skila okkur um 40 m.kr. meira í útsvarstekjur en áætlað var fyrir allt árið. Eftirágreitt útsvar er einnig um 18 m.kr. umfram áætlun. Annar mismunur er óútskýrður og gæti sá mismunur jafnast út þegar líður á árið en líkur eru á að dreifing áætlunar innan mánaðar sé að einhverju leiti skökk vegna þess að samanburðarárið (árið í fyrra) var að einhverju leiti óhefðbundið í greiðslum vegna ákvæða um frestun á skilum vegna covid-19.

Tafla 1. - útsvarstekjur 2022 per mánuð samanborið við áætlun 2022 og rauntölur 2021

	R 2022	Á 2022	[R22-Á22]	Br. 21/22 %	R 2021	[R22-R21]
Janúar	196.711.921	216.047.330	-19.335.409	-6%	208.174.350	-11.462.429
Febrúar	209.315.994	198.226.477	11.089.517	8%	194.080.811	15.235.183
Mars	199.627.014	170.152.530	29.474.484	20%	167.048.348	32.578.666
Apríl	164.422.295	159.655.315	4.766.980	5%	157.129.163	7.293.132
Maí	314.059.515	267.799.560	46.259.955	21%	259.360.425	54.699.090
Júní	218.972.177	179.185.017	39.787.160	31%	167.678.730	51.293.447
Júlí			0	-100%	182.425.521	-182.425.521
Ágúst			0	-100%	197.920.990	-197.920.990
Sept			0	-100%	252.127.828	-252.127.828
Okt			0	-100%	195.609.163	-195.609.163
Nóv			0	-100%	188.117.407	-188.117.407
Des			0	-100%	253.489.138	-253.489.138
	1.303.108.916	1.191.066.229	112.042.687		2.423.161.874	-1.120.052.958

Í töflunni hér að neðan má sjá uppsafnaðar útsvarstekjur janúar til júní 2022. Áætlunin er sýnd til hliðsjónar, uppsöfnuð fyrir hvern mánuð.

Tafla 2. - útsvarstekjur 2022 samanlagt samanborið við áætlun 2022 og rauntölur 2021

	R 2022	Á 2022	[R22-Á22]	Br. 21/22 %	R 2021	[R22-R21]
Janúar	196.711.921	216.047.330	-19.335.409	-6%	208.174.350	-11.462.429
Febrúar	406.027.915	414.273.807	-8.245.892	1%	402.255.161	3.772.754
Mars	605.654.929	584.426.337	21.228.592	6%	569.303.509	36.351.420
Apríl	770.077.224	744.081.652	25.995.572	6%	726.432.672	43.644.552
Maí	1.084.136.739	1.011.881.212	72.255.527	10%	985.793.097	98.343.642
Júní	1.303.108.916	1.191.066.229	112.042.687	13%	1.153.471.827	149.637.089

- Framlag jöfnunarsjóðs:** greiðslur frá jöfnunarsjóði eru 19 m.kr undir áætlun. Í töflu 3 hér að neðan má sjá yfirlit yfir tekjur úr jöfnunarsjóði fyrir janúar til júní 2022. Greiðslur á tímabilinu eru samtals 503,9 m.kr. samanborið við áætlun upp á 50,9 m.kr. fyrir sama tímabil.

Tafla 3. - Jöfnunarsjóður – rauntölur Q2 2022 samanborið við áætlun Q2 2022 og rauntölur 2021.

	R 2022	Á2022	[R-Á]	R 2021	R22-R21
Janúar	-56.422.829	-56.422.829	0	34.031.846	-90.454.675
Febrúar	-89.340.167	-89.340.167	0	82.927.029	-172.267.196
Mars	-89.153.563	-89.153.563	0	83.403.578	-172.557.141
Apríl	-89.279.925	-89.279.925	0	109.663.329	-198.943.254
Mái	-90.268.594	-90.268.594	0	45.124.855	-135.393.449
Júní	-89.472.150	-89.472.150	0	94.203.547	-183.675.697
Júlí	0		0	36.135.678	-36.135.678
Ágúst	0		0	79.597.071	-79.597.071
September	0		0	44.472.433	-44.472.433
Október	0		0	37.445.369	-37.445.369
Nóvember	0		0	119.950.198	-119.950.198
Desember	0		0	107.281.842	-107.281.842
	-503.937.228	-503.937.228	0	874.236.775	-1.378.174.003

Í töflu 4 má sjá greiðslur frá jöfnunarsjóði niður á framlög fyrir janúar til júní 2022. Tekjurnar eru 503,9 m.kr. samanborið við áætlun upp á 503,9 m.kr. Í vor birti jöfnunarsjóður nýjar áætlanir fyrir sveitarfélagið og var áætlunin því uppfærð í viðauka 7.

Tafla 4. – Greiðslur niður á framlög janúar til júní 2022 samanborið við áætlun 2022.

	Raun	Áætlun m.v.	Mismunur raun-áætl.	Samþykkt áætlun 2022	Ný áætlun vor 2022	Mismunur samþ / j.sj.
112 Fasteigna	-155.772.310	-155.772.310	0	244.609.442	234.285.438	-10.324.004
121 Útgjalda	-229.057.926	-229.057.926	0	492.865.073	508.410.718	15.545.645
141 Grunnskóli	-85.565.206	-85.565.206	0	173.640.506	178.965.855	5.325.349
142 Sérþ nem	-9.675.000	-9.675.000	0	22.518.380	19.350.000	-3.168.380
144 Nýbúa	-6.272.500	-6.272.500	0	6.300.000	9.750.000	3.450.000
148 Aukaframlög	-6.432.858	-6.432.858	0	0	12.865.711	12.865.711
149 Tónlistaskóla	-11.161.428	-11.161.428	0	19.708.838	19.708.838	0
Samtals	-503.937.228	-503.937.228	0	959.642.239	983.336.560	23.694.321

- **Þjónustutekjur:** Eru 94 m.kr. umfram tekjuáætlun í samanteknum ársreikningi en A hluti er 54 m.kr. umfram tekjuáætlun.
 - **A hluti:**
 - Æskulýðs- og íþróttamál eru 2 m.kr. umfram tekju áætlun vegna skíðasvæðis:
 - Skipulags og byggingamál eru 3,4 m.kr. umfram tekjuáætlun
 - **Umferðar- og öryggismál eru 46,8 m.kr. umfram áætlun vegna gatnagerðagjalda sem eru tekjufærð við útgáfu en eru síðan eftirá flutt á framkvæmdalykla til lækkunar á gatnagerðaframkvæmdum. Þetta skekkir uppgjörð töluvert en verður leiðrétt.**
 - **B hluti**
 - Hafnarsjóður er 42m.kr umfram tekjuáætlun. Almenn hafnargjöld eru 8,5 m.kr. hærri en áætlað var og tekjur frá erlendum aðilum eru 33 m.kr. hærri en áætlað var.
 - Vatnsveitan er 2,8 m.kr undir tekjuáætlun vegna lægri tengigjalda en var áætlað.
 - Fráveitan er 3 m.kr. undir tekjuáætlun vegna lægri þjónustugjalda fasteigna áætlað.
- **Eignatekjur:** Eru 14 m.kr. undir tekjuáætlun í samanteknum ársreikningi en A hluti er 18 m.kr. umfram tekjuáætlun.
 - **A hluti:**
 - 06 Æskulýðs- og íþróttamál eru 15,3 m.kr. undir áætlun þar sem húsaleigutekjur frá HSV vegna Sundhallar, íþróttasvæða og skíðasvæðis er lægri en áætlað var á tímabilinu.
 - **B hluti**
 - Fasteignir Ísafjarðarbæjar eru 4,2 m.kr yfir tekju áætlun þar sem minna hefur verið selt af íbúðum en áætlað var.

- **Aðrar tekjur:** Eru 33,5 m.kr. umfram tekjuáætlun í samanteknum ársreikningi en A hluti er 32 m.kr. umfram tekjuáætlun.
 - **A hluti:**
 - Velferðarsvið er 9,5 m.kr. umfram tekjuáætlun
 - 02310 Barnavernd, endurgreiðslur sveitarfélaga eru 25 m.kr. umfram áætlun.
 - 02562 Búseta Sindragötu er 15,9 m.kr. umfram áætlun v. þátttöku BsVest í greiðslu skaðabóta.
 - 02590 Önnur þjónusta fatlaðra, Byggðasamlag er 32 m.kr. undir áætlun.
 - 04 Fræðslumál eru 17,8 m.kr. umfram tekju áætlun
 - 04200 Sameiginlegir liðir eru 16,1 m.kr. umfram áætlun v. endurgr. sveitarfélaga barna í skólum utan lögheimilis.
 - 04210 GÍ er 4,6 m.kr. umfram áætlun vegna endurgreiðslu námsleyfis og styrkja.
 - 09 Skipulags- og byggingarmál er 3,6 m.kr. umfram tekju áætlun vegna styrkja frá húsfriðunarsjóði v. vernarsv. í byggð gamli bærinn og neðstikaupst.
 - 10 Umferðar- og öryggismál eru 2,6 m.kr. yfir tekju áætlun vegna styrkja.
 - Umhverfismál eru 2,9 m.kr. umfram áætlun vegna styrks úr framkvæmdastjóði ferðamannastaða vegna verkefna Flateyri. Kostnaður er á móti
 - Eignasjóður er 3,8 m.kr. undir tekju áætlun vegna styrkja.
 - **B hluti**
 - Byggðasafn Vestfjarða er 0,7 m.kr. umfram tekju áætlun.

Rekstargjöld

- **Laun og launatengd gjöld:**
 - **A hluti:** er 43 m.kr. undir áætlun
 - **A+B hluti:** er 40,7 m.kr. undir áætlun
- **Breyting lifeyrisskuldbindinga:** er 13 m.kr. undir áætlun m.v. áætlað framlag
- **Þjónustukaup:** er 37 m.kr. yfir áætlun í samanteknum ársreikningi en A hluti er 32,9 m.kr. yfir áætlun.
 - **A hluti:**
 - 02 Velferðarsvið er 34 m.kr. yfir áætlun
 - Búseta Sindragötu er 35 m.kr. umfram áætlun vegna skaðabóta utan trygg.samninga sem greiddar voru út 10. mars síðastliðinn.
- **Styrkir og annað:** er 32 m.kr. yfir áætlun í samanteknum ársreikningi en A hluti er 23,5 m.kr. yfir áætlun
 - **A hluti:**
 - 02 Velferðarsvið er 54,3 m.kr. yfir áætlun
 - 02350 Barnavernd, kostnaður vegna úrræða utan heimilis er 63,8 m.kr. yfir áætlun vegna vistunar úrræða sem ekki var áætlað fyrir.
 - 02550 Stoðþjónusta er 7,1 m.kr. undir áætlun í félagslegum úrræðum
 - 06 Æskulýðs og íþróttamál eru 21 m.kr. undir áætlun vegna styrkja sem tafist hefur að greiða út.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld: er 172 m.kr. yfir áætlun í samanteknum ársreikningi en A hluti er 106,6 m.kr. yfir áætlun. Verðbólga var áætluð 3% á árinu 2022 eða um 0,25% hækkun á mánuði. Raunin er hins vegar að vísitalan er búin að hækka um 7,9% á fyrstu 6 mánuðum ársins og því orðin verulega hærri en við áætluðum að vísitalan yrði í árslok 2022. Sjá umfjöllun á bls. 2.

- **A hluti:**
 - 31 Eignasjóður er 113 m.kr. yfir áætlun og er vegna hærri verðbótagjalda
- **B hluti:**
 - 41 Hafnarsjóður er 9 m.kr. yfir áætlun og er vegna hærri verðbótagjalda
 - 55 Eyri hjúkrunarheimili er 17 m.kr. yfir áætlun
 - 57 Fasteignir Ísafjarðarbæjar eru 39,8 m.kr. yfir áætlun vegna hærri verðbótagjalda.

Sveitarstjórnarlög

Samkvæmt 64. gr. laga nr. 138 frá 2011 um viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Þessu skal fullnægja m.a. með því að:

1. samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum, og
2. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Þann 30. mars 2020 samþykkti Alþingi hins vegar bráðabirgðaákvæði VII sem segir að þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 64. gr. er sveitarstjórn heimilt að víkja frá skilyrðum 1. og 2. tölul. 2. mgr. 64. gr. við stjórn sveitarfélagsins árin 2020 til 2025.